

SAGA3GR05

Búið til: Mon, 29 Sep 2025 12:30:36 GMT

Titill

Saga fornaldar

Skammstöfun

SAGA3GR05

Útgáfunúmer

56

Námsgrein

saga

Viðfangsefni

Grikkir og Rómaveldi

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn fjallar um sögu fornaldar með áherslu á Forn-Grikki og Rómaveldi. Nemendur kynnast helstu atburðum, hugmyndum, stjórnarháttum, daglegu lífi og menningu þessara samfélaga og hvernig þau lögðu grunninn að mörgum þáttum vestrænnar menningar, svo sem í stjórnmálum, heimspeki, listum og lögfræði. Jafnframt er fjallað um goðafræði, heimspeki og trúarbrögð og hvernig þau mótuðu samfélögin. Sérstök áhersla er lögð á að þjálfar nemendur í sagnfræðilegum vinnubrögðum, svo sem að nýta og meta heimildir, bera saman ólík sjónarhorn og ræða fræðilegar spurningar. Markmiðið er að efla gagnrýna hugsun nemenda, auka skilning þeirra á sögu fornaldar og mikilvægi hennar fyrir nútímann.

Forkröfur

10 einingar í sögu á 2. þrepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu tímabilum, atburðum og persónum fornaldar, einkum í Grikklandi og Rómaveldi
- stjórnarháttum, hugmyndum og heimspeki þessara samfélaga
- trúarbrögðum, goðafræði og menningu fornaldar og áhrifum þeirra til framtíðar
- helstu heimildum um fornöld og hvernig þær móta skilning okkar á sögunni sem og áhrif fornaldar á mótun vestrænnar menningar
- fræðilegum hugmyndum og umræðum tengdum túlkun fornaldarsögunnar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa, nýta og bera saman ólíkar sagnfræðilegar heimildir
- greina sögulegar frásagnir með gagnrýnum hætti
- setja fram rökstuddar skoðanir í máli og riti
- nýta fjölbreyttar aðferðir við framsetningu, svo sem ritgerðir, kynningar og stafrænar lausnir

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita sagnfræðilegum vinnubrögðum við að afla, meta og vinna úr heimildum
- tengja sögu fornaldar við víðara samhengi mannkynssögunnar með sérstakri áherslu á þá arfleifð sem varð hluti af vestrænni menningu
- sýna skilning á margbreytileika samfélaga fornaldar og hvernig þau mótuðust af hugmyndum, trú og menningu
- taka þátt í málefnalegum umræðum og rökræðum um sögu og samfélög fornaldar
- nýta þekkingu og leikni úr áfanganum til frekara náms í sögu og skyldum greinum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum.

Skólar

Fyrirmynd